



FUNDARGERÐ 485. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 5. september 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:05. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarþær.

Tekið fyrir

1. Staða brennsluverkefnis

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður LMG, Þorsteinn Ingason lögmaður LMG, Valgeir Páll Björnsson ráðgjafi VP ráðgjöf, Hildur Sveinbjörnsdóttir ráðgjafi Arctica Finance og Stefán Þór Bjarnason ráðgjafi Arctica Finance taka sæti á fundinum undir þessum lið við upphaf fundar.

Gestir gera grein fyrir „samantekt um byggingu brennslustöðvar á vegum SORPU bs.“

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Starfshópur sérfræðinga sem unnið hefur að skoðun á þeim forsendum sem liggja til grundvallar uppbyggingar og rekstrar brennslustöðvar á vegum SORPU lagði fram samantekt sína og kynnti helstu niðurstöður fyrir stjórn.

Á grundvelli þeirra ábendinga sem fram komu í samantekt hópsins felur stjórn framkvæmdastjóra að láta fara fram frekari könnun á eftirfarandi þáttum:

- a) möguleikum á að byggja upp vinnslugetu brennslustöðvar í áföngum.*
- b) hvort samvinnun á áfangaskiptri uppbyggingu vinnslugetu og útflutnings geti verið leið til að tryggja hagkvæmni og um leið æskilegt öryggi.*
- c) hagkvæmni svokallaðra einingalausna (e. modular) við uppbyggingu vinnslugetu.*
- d) áhuga fjárfesta á að eiga brennslustöð og leigja rekstrarfélagi í eigu SORPU.*

Afurð framangreindrar greiningarvinnu skal fela í sér tillögu að tæknilegri lausn og grófa kostnaðaráætlun.“

Gestir víkja af fundi klukkan 09:03.



2. Árangur af sérsöfnun matarleifa og endurvinnsluefna við heimili, og áhrif á rekstur SORPU

Ástþór Ingvi Ingvason, stöðvarstjóri móttöku- og flokkunarstöðvar, Eiður Guðmundsson, stöðvarstjóri GAJU, og Gyða Sigríður Björnsdóttir, umhverfisstjóri, taka sæti á fundinum klukkan 09:12.

Gestir gera grein fyrir árangri af sérsöfnun matarleifa og endurvinnsluefna við heimili og áhrifa þess á rekstur SORPU.

Stjórn Sorpu þakkar fyrir kynninguna og fagnar þeim árangri sem náðst hefur janúar til ágúst miðað við sama tímabil á síðasta ári.

Gestir víkja af fundi klukkan 09:42.

3. Málefni grenndarstöðva

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, og Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri, taka sæti á fundinum klukkan 09:43.

Gestir gera grein fyrir málefnum endurvinnslustöðva.

Gestir víkja af fundi klukkan 10:02.

4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2024

Fjármálastjóri gerir grein yfir forsendum fjárhagsáætlunar 2024.

5. Framlenging á samningi við PWC um innri endurskoðun SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir framlengingu á samningi við PWC um innri endurskoðun SORPU bs. Samningurinn verður framlengdur um eitt ár í samræmi við útboð.

6. Niðurstaða útboðs á tryggingum

Fjármálastjóri gerir grein fyrir útboði á tryggingum SORPU. Með nýju útboðin næst 30-40% sparnaður á tryggingum SORPU.

7. Fræðsluferð stjórnar til Noregs og Danmerkur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fræðsluferð stjórnar til Noregs og Danmerkur, þar sem brennslustöðvar, endurvinnslustöðvar og fleira verða skoðuð, auk þess sem fundað verður með samtökum sorpsamlaga á Norðurlöndum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:19

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 3. október klukkan 08:00.